



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 17. apríl 2008

Ákvörðun nr. 22/2008

Kaup BNT ehf. á helmingshlut í Bevís ehf.

1.

Þann 8. febrúar 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup BNT ehf. (hér eftir BNT) á 50% hlut í félaginu Bevís ehf. (hér eftir Bevís) af Ingvari Helgasyni ehf. (hér eftir IH). Samrunaskráin tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Í samrunaskránni kemur m.a. fram að starfsemi samrunaaðila verði eftir samrunann rekin áfram undir merkjum hvors félags um sig. Þá fylgdi m.a. með samrunaskránni kaupsamningur, dags. 9. júlí 2007, skýrslur Lánstrausts og ársreikningar samrunaaðila og tengdra aðila fyrir árið 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup BNT á helmingshlut í Bevís í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 6. mars sl., tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Rétt er að geta þess að þann 15. janúar 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Ingvar Helgasonar ehf. (hér eftir IH) á öllu hlutafé Bevís ehf. (hér eftir Bevís). Áttu þau viðskipti sér stað með kaupsamningi, dags. 5. júní 2007, þ.e. rétt rúmum mánuði áður en umrædd kaup BNT áttu sér stað. Vegna breyttra forsendna í kjölfar kaupa BNT á 50% í Bevís verður ekki fjallað nánar um kaup IH á 100% hlutafé í Bevís.

2.

Í samrunatilkynningu segir að BNT sé eignarhaldsfélag sem stofnað hafi verið árið 2006. Segir að BNT eigi 100% hlutafjár í N1 hf., Umtaki fasteignafélagi ehf. og AT Toolcentar Ltd. Eins eigi félagið 40% hlutafjár í Kynnisferðum og 33,3% hlut í Kar ehf. Markmið félagsins sé samkvæmt samþykktum þess kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Segir því næst að Bevís sé móðurfélag félagsins Alp ehf. sem stundi bílaleigu í skilningi laga nr. 64/2000 um bílaleigur. Félagið eigi og leigi bifreiðar til notkunar hér á landi jafnt til innlendra sem erlendra viðskiptavina auk þess sem fyrirtækið leigi í gegnum samstarfsaðila sína AVIS og Budget bifreiðar til notkunar erlendis.

IH, eigandi að helmingshlut í Bevís, er dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf. (hér eftir Sævarhöfði), en félagið er bílaumboð og hefur umboð fyrir Nissan, Subaru, Opel, Isuzu og Saab bifreiðar. Sævarhöfði er einnig eigandi að bílaumboðinu Bifreiðar og landbúnaðarvélar ehf. sem hefur umboð fyrir Land Rover, BMW, Renault og Hyundai bifreiðar

3.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Sævarhöfði og dótturfélag þess IH hafi leitað eftir kaupum á öllu útistandandi hlutafé í Bevís á fyrri hluta ársins 2007 og hafi verið gengið frá kaupum með kaupsamningi, dags. 5. júní 2007, sbr. það sem áður segir. Með kaupsamningi, dags. 9. júlí 2007, seldi IH svo helminginn af öllu hlutafé í Bevís til BNT.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa BNT á helmingshlut í Bevís segir að markmið samrunans sé að efla og styrkja rekstur Bevís og dótturfélags þess Alp með því að leita hagræðingar í rekstri þess svo Alp, sem hefur annars vegar sérleyfissamning um notkun Budget vörumerkisins og Avis vörumerkisins, geti mætt síauknum kröfum birgja um þjónustu við leigutaka bíla bæði hér á landi og erlendis.

Í samrunatilkynningu kemur fram að BNT sé umsvifamikil eignarhaldsfélag sem eigi fjölda dótturfélaga en ekkert þeirra starfi þó á markaði fyrir bílaleigur. Eitt dótturfélag þess, N1 hf., sinni hins vegar mars konar bílatengdri þjónustu.

Segir að Bevís og dótturfélag þess, Alp, starfi á bílaleigumarkaði og noti í markaðsstarfi sínu, auk vörumerkisins Alp, vörumerkin Avis og Budget.

Starfsemi IH er á sviði sölu á nýjum bifreiðum og endursölu notaðra bifreiða á Íslandi.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup BNT á helmingshlut í Bevís flokkast undir lóðréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sitt hvoru sölustigi. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.



Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa BNT á helmingshlut í Bevís á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 9. júlí 2007, keypti BNT ehf. 50% hlutafjár í Bevís ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. Samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson